

Ársskýrsla Glímufélags Dalamanna 2024



Efnisyfirlit

Stjórn félagsins	3
Iðkendur.....	3
Starf félagsins.....	3
Janúar:	4
Febrúar:	4
Mars:	5
Apríl:	6
Sumarið:	7
Ágúst:	8
September	8
Október.....	8
Nóvember	9
Desember	9
Búnaðarkaup.....	9
Rekstur félagsins.....	10
Framtíðarsýn	10
Lokaorð.....	10

Aðalfundur félagsins var haldin 25. mars 2024 og var árskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir þar.

Stjórn félagsins

Jóhann Eysteinn Pálmason: Formaður

Svana Hrönn Jóhannsdóttir: Gjaldkeri

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir: Ritari

Iðkendur

Iðkendur á liðnu ári voru 30 talsins langflestir á aldrinum 6-16 ára. Þjálfari síðasta árs var Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og á haustönn bættist Sigurdís Sóley Lýðsdóttir við þjálfarateymið.

Starf félagsins

GFD stóð fyrir fjölbreyttu og skemmtilegu starfi síðasta ár. Æfingar voru haldnar vikulega á fyrir grunnskólabörn í Dalabúð á þriðjudögum, yngsta stig gat sótt æfingar á skólatíma og það var mjög vel sótt af yngri börnum. Mið- og elstastigs æfingar voru eftir skóla á þriðjudögum frá 15:10- 16:30. Fjölmörg mót voru haldin víða um Ísland og við létum okkur ekki vanta, keppendur frá GFD voru á öllum mótum sem GLÍ stóð fyrir síðasta ár. Einnig voru farnar tvær keppnisferðir fyrir utan landssteinanna á vegum GLÍ og voru þær einnig vel sóttar af iðkendum GFD. Sigurdís Sóley kom inn í þjálfarateymið á haustmánuðum og hefur það sannarlega verið góð viðbót fyrir félagið að geta skipt æfingum á milli og létt á álagi.

Janúar:

Árið byrjaði af krafti hjá okkur. Æfingabúðir á Vogum á Vatnsleysströnd á vegum GLÍ og fór flottur hópur frá okkur á þessar tveggja daga æfingabúðir þar sem lögð er áhersla á íslenska glímu og hryggspennu.

Febrúar:

Bikarglíma Íslands fór fram á Blönduósi um miðjan febrúar og ársþing GLÍ seinna sama dag. GFD átti keppendur í barna, unglinga og fullorðinsflokki. Frábær árangur hjá okkar fólki. Sjó titlar fóru heim í Dalina eftir það mót !



Mynd 1 Á æfingabúðum á Vogunum



Mynd 2 Keppendur á Bikarmóti

Það var tilkynnt á 60. ársþingi GLÍ sem fór fram 17. febrúar 2024 á Blönduósi. Að Jóhann Pálmason formaður okkar í GFD er kominn í hóp Heiðursfélaga GLÍ. Jóhann Pálmason hefur í hjartnær þrjá áratugi verið í forustusveit glímustarfs á Vesturlandi. Hann hefur þjálfað glímu í langan tíma og verið foreldri, ekki bara sinna barna heldur einnig annara á Vesturlandi, keyrt þau á glímumót um allt land. Jóhann er vel að viðurkenningunni kominn. Segir á vef Glímusamandsins. Við erum að sjálfssögðu mjög stolt af honum og þakklát fyrir hans framlag. Á sama þingi fékk Guðbjört Lóa bronsmerki GLÍ fyrir sín störf í þágu glímunnar



Mynd 4 frá Ársþingi GLÍ



Mynd 3 Tímamót á Reyðarfirði

Mars:

Landsliðið hélt til Frakklands í byrjun mars, Jóhanna Vigdís var okkar fulltrúi þar. Keppt var í hryggspennu á opna franska meistaramótinu, þar voru tæplega 300 keppendur srkaíð til leiks frá 11 ára aldri. Þetta var frumraun Jóhönnu á þessu móti og stóð hún sig með stakri þrýði.

Um miðjan mars fór grunnskólamótið fram á Reyðarfirði, fjórir keppendur fóru frá okkur og komu þau öll heim með titil og góðar minningar af skemmtilegri ferð. Það reynir alltaf á að fara í langar bílferðir og keppa síðan strax í framhaldinu en þá hjálpar mikið að vera í góðum félgaðskap, þar sem samvinna og jákvæðni leiðir hópinn.

Apríl:

Íslandsglíman, stæðsti viðburður ársins fór fram í Reykjavík. Karlmennt keppa um hið fræga Grettisbeltið. Benóní Kristjánsson tók þátt í fyrsta skipið 16 ára og jafnframt yngsti keppandinn og sú frumraun skilaði honum mikilli reynslu. Í kvennaflokki er keppt um Freyjumenið og það var Jóhanna Vigdís okkar keppandi og lenti í þriðja sæti í sterkum flokki kvenna.



Mynd 5 Benóní á Íslandsglímunni

Sumarið:

Æfingátímabilið klárast hjá okkur í lok apríl og við tekur sumarfrí frá hefðbundnum æfingum.

Í júlí fór pósthlaupið svokallaða fram og GFD stóð þar brautargæslu ásamt

Björgunarsveitinni Ósk.

Fyrir það fékk félagið hluta af þátttökugjaldi hlaupara sem nýttist okkur í rekstur félagsins

og sem auka styrkur fyrir keppendur sem ætla að keppa á sumarmótum í Bretlandi. Breyting var á keppnissniði í Bretlandi á þessu

Mynd 6 Íslenski hópurinn í Bretlandi u-18

ári. Farið var í tvískiptar ferðir, unglingaferð 14-18 ára í lok júlí og svo 18 ára og eldri í lok ágúst. Benóní og Þórarinn fóru í unglingaferðina og stóðu sig ótrúlega vel. Jóhanna fór í fullorðinsferðina og stóð sig einnig mjög vel. Báðar ferðirnar eru frekar langar og reyna mikið á líkama og sál en engin sér eftir svona ferð 😊



Mynd 7 Blautt og drullugt var þemað í þessari ferð



Ágúst:

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram í Borgarnesi, góð skráning frá UDN á mótið og fengu nokkrir unglingalandsmótsmeistara titil í glímu.

Eiríksstaðahátíð fór fram í ágúst og var haft samband við félagið um að bjóða uppá kennslu í íslenskri glímu. Við tókum þeirri áskorun og buðum uppá kennslu báða daganna. Einstaklega skemmtilegt og ferðamenn voru mjög ánægðir með þessa óvæntu viðbót á heimsókn þeirra til Eiríksstaða.



Mynd 8 Benóní og Þórarinn mætast á unglingalandsmóti

September

Æfingar hófust aftur eftir sumarfríð

Október

Haustmót GLÍ fór fram á Laugum í Sælingsdal. Mótið lendir á smiðjuhelgi hjá okkar unglingum og þar af leiðandi var fámenn skráning frá okkur í þetta sinn en nokkrir sem spreyttu sig í fyrsta skipti á glímumóti og skemmtu sér vel.

Iceland Open í hryggspennu og glímu fór fram í lok október í íþróttahúsinu á Vogum. Benóní Meldal var eini keppandinn frá okkur og vann hann báða flokkanna sem hann keppti í í glímu og einnig var hann á palli í þeim flokkum sem hann keppti í í hryggspennu.



Mynd 9 Zuzanna og Stefanía á sínu fyrsta móti

Nóvember

Æfingabúðir í glímu fóru fram í Reykholti í Biskupstungum og fór GFD með 3 iðkendur í æfingabúðir. Svona æfingabúðir hafa gefið okkar krökkum mjög mikið. Hitta aðra krakka sem iðka glímu, sjá hvernig aðrir þjálfarar setja upp æfingar, sjá nýjar aðferðir og ekki síst að fara út fyrir þægindarammann og reyna eitthvað nýtt.



Mynd 10 Æfingabúðir í Reykholti

Desember

Við vorum með æfingar alveg fram að jólafríi hjá grunnskólanum. Engin mót.

Búnaðarkaup

Ekki var farið í nein stórkaup á þessu ári, keyptur var lítill ferðahátlari til að geta spilað tónlist á æfingum.

Rekstur félagsins

Rekstur félagsins stendur vel, við fengum styrk frá Dalabyggð, förum í nokkrar fjáraflanir til þess að standa undir keppnisferðum bæði innan og utanlands. Minni lottó tekjur setja auðvitað strik í reikninginn en okkur gengur vel. Sótt var um fjárstyrki í dalaauð og hvatasjóð ÍSÍ og fengum við neitun á báðum umsóknum,

Framtíðarsýn

Við horfum björtum augum á næsta keppnisár og ætlum okkur góða hluti. Það sem við leggjum mikla áherslu á á æfingum er aukið sjálfalít og sjálfsöryggi ekki síður heldur en líkamlegur styrkur og þol. Glíma er oft á tíðum glíman við eigin hugsanir og trúin á sjálfum sér.

Árið 2025 fara keppendur frá okkur á mót hérlandis og erlendis en stefnt er á bæði Frakklands og Bretlandsferðir það ár. Við höldum áfram að reyna að finna peninga til að styrkja og efla starfið okkar og styðja við keppendur.

Lokaorð

Á þessari samantekt má sjá að starf GFD er öflugt og við mætum með keppendur á nánast öll mót sem í boði eru. Keppendur okkar eru dugleg að ögra sjálfum sér og láta ekki deigan síga þó á móti blási. Ljóst er að mikil ferðakostnaður fylgir öllum þessum mótum sem haldin eru víðsvegar um landið og oft þurfum við að gista líka vegna fjarlægðar. Við viljum þakka Dalabyggð fyrir þeirra framlag í formi fjárhagsstyrks sem hjálpar okkur við að halda kostnaði í lágmarki fyrir þátttakendur.

Fyrir hönd stjórnar, Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

„Að sigra sjálfan sig“

Uppskrift:



Framkvæmd:

1. Halðu trú á sjálfum þér.
2. Opnaðu augun fyrir trunni sem aðrir hafa á þér.
3. Settu þér markmið sem þig langar til að ná. Hafðu það raunhæft en krefjandi.
4. Finndu leiðir til að ná markmiðinu. Fáðu aðstoð.
5. Gerðu þér grein fyrir því hvernig sjálfstalið þitt er.
6. Reyndu að hafa sjálfstalið gagnlegt.
7. Vertu tilbúin/n til að leggja ýmislegt á þig til að ná markmiðinu og framkvæma það sem þarf til að ná því.
8. Mundu að draumar geta ræst og það er hægt að sigra sjálfan sig.

